

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 479/2007**2013/EES/4/41**

frá 27. apríl 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag vegna framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

því sem við á, eða í samræmi við landsreglurnar, sem beitt var í aðildarríkjunum fyrir þann dag í öðrum tilvikum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustu-hætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

4) Til að komast hjá röskun á viðskiptum og stjórnsýslulegum vandkvæðum á komustöðum inn til Bandalagsins, ef dregist hefur að laga vottunarkerfi þriðja lands að nýja vottunarfyrirkomulaginu, sem var innleitt með reglugerð (EB) nr. 2074/2005, skal leyft frá 1. maí 2007 til 30. júní 2007 að nota vottorð, sem gefin voru út meðan fyrra vottunarfyrirkomulagið var í gildi og árituð voru fyrir 1. maí 2007, að því er varðar innflutning afurðanna, sem um getur í VI. viðauka þeirrar reglugerðar, inn í Bandalagið.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽²⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 ⁽³⁾ er mælt fyrir um umbreytingarfyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004.

5) Skilgreiningin á lagarafurðum tekur einnig til fisklýsis. Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar kröfur er varða framleiðslu og setningu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, á markað. Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er þó kveðið á um undanþágu frá ákvæðum þess viðauka fyrir vinnslustöðvar í þriðju löndum, sem framleiða fisklýsi sem ætlað er til manneldis, til 31. október 2007. Til samræmis við það skal gera ráð fyrir umbreytingarfyrirkomulagi til að leyfa til 31. október 2007 innflutning á slíkum afurðum inn í Bandalagið, fylgi þeim vottorð sem gefið er út samkvæmt þeim landsreglum sem eru í gildi áður en reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1664/2006 öðlast gildi.

2) Í 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 ⁽⁴⁾ er kveðið á um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings á tilteknum afurðum úr dýraríkinu að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004. Þessar afurðir eru tilgreindar í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og ná yfir froskalappir og snigla, gelatín, kollagen, lagarafurðir, lifandi samlokur og hunang og aðrar býræktarafurðir.

6) Samkvæmt 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er tilteknum þriðju löndum, sem hafa enn ekki gengist undir eftirlit Bandalagsins, heimilt að flytja lifandi samlokur og lagarafurðir inn í Bandalagið að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessum afurðum verða að fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 95/328/EB ⁽⁵⁾ og 96/333/EB ⁽⁶⁾ sem eingöngu lúta að staðfestingu á lýðheilsupáttum. Að því er varðar heilbrigði dýra er nauðsynlegt að þessum heilbrigðisvottorðum fylgi vottorð, sem innleidd voru með reglugerð (EB) nr. 2074/2005, sem taka til bæði lýðheilsu- og dýraheilbrigðisþátta. Til glöggvunar, til að tryggja réttarvissu og til að draga úr stjórnsýsluálagi er því nauðsynlegt að vísa eingöngu til vottorða sem innleidd voru með reglugerð (EB) nr. 2074/2005.

3) Í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er kveðið á um undanþágu frá VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 þannig að fram til 1. maí 2007 má flytja inn í Bandalagið afurðirnar sem um getur í þeim viðauka, sem viðkomandi innflutningsvottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006, eftir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, með leiðréttingum samkvæmt Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1666/2006 (Stjtið. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 47).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1664/2006 (Stjtið. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 13).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 191, 12.8.1995, bls. 32. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/109/EB (Stjtið. ESB L 32, 5.2.2004, bls. 17).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 127, 25.5.1996, bls. 33. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/119/EB (Stjtið. ESB L 36, 7.2.2004, bls. 56).

7) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 2076/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005:

- a) er heimilt að flytja afurðirnar, sem um getur í þeim viðauka og viðkomandi vottorð, útfyllt og undirrituð eins og vera ber fyrir 1. maí 2007, hafa verið gefin út fyrir í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006, þar sem við á, og landsreglur (áður innlendar reglur) sem beitt var í aðildarríkjunum fyrir þann dag í öðrum tilvikum, inn í Bandalagið til 30. júní 2007,
- b) er heimilt að flytja fisklýsi, sem staðfest hefur verið með vottorði, sem er útfyllt og undirritað eins og vera ber fyrir 31. október 2007, í samræmi við landsreglur sem giltu

fyrir gildistöku dag reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005, til 31. desember 2007.“

2. Í stað b-liðar 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„b) að lögbært yfirvald innflutningsaðildarríkisins tryggi að þessar innfluttu afurðir séu eingöngu settar á innanlandsmarkað þess eða á innanlandsmarkaði, sem heimila sama innflutning, og“ .

3. Í 2. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi c-liður við:

„c) að lögbært yfirvald þriðja lands eða yfirráðasvæðis geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að frá og með 31. október 2007 fylgi heilbrigðisvottorðin, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005, þessum innfluttu afurðum.

Þó er heimilt að flytja þessar afurðir sem vottorð, sem eru útfyllt og undirrituð eins og vera ber í samræmi við landsreglur sem voru í gildi fyrir 31. október 2007, hafa verið gefin út fyrir, inn í Bandalagið til 31. desember 2007.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.